

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Frosta Sigurjónssonar, formanns
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2016

Vísað er til tölvupóst, dags. 14. apríl s.l., þar sem Gautur Sturluson, ritari efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis upplýsti að efnahags- og viðskiptanefnd fjalli nú um mögulegar aðgerðir gegn skattaskjólum og að formaður nefndarinnar, Frosti Sigurjónsson, byði Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) að koma sínum sjónarmiðum um málefnið á framfæri til nefndarinnar.

SFF þakka gott boð en samtökin hafa á síðustu árum tekið virkan þátt í baráttunni gegn skattsvikum í samvinnu við stjórnvöld hér á landi og eru samtökin opin fyrir frekari þátttöku í frekari aðgerðum ef eftir því verður leitað. SFF hafa tekið þátt í vinnuhópum á vegum fjármálaráðuneytis í þessu skyni. Má þar helst nefna eftirfarandi:

Alþjóðlegir upplýsingaskiptasamningar á sviði skattamála

FATCA

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í júní 2013 starfshóp til að undirbúa gerð FATCA samnings við bandarísk stjórnvöld. FATCA er stytting á enska heitinu Foreign Accounts Tax Compliance Act sem eru bandarísk lög um upplýsingaskyldu erlendra fjármálafyrirtækja vegna reikninga í eigu bandarískra aðila. SFF áttu tvo fulltrúa í starfshópnum, undirritaða Jónu Björk Guðnadóttur lögfræðing hjá SFF og Hörð Davíð Harðarson lögfræðing hjá Arion banka. Starfshópurinn vann að undirbúningi að gerð samningsins, gerði úttekt á því hvaða skyldur FATCA samningur hefði í för með sér fyrir íslensk stjórnvöld og fjármálafyrirtæki, hvernig kröfur um upplýsingagjöf til bandarískra skattýfirvalda féllu að reglum um veitingu upplýsinga og lagði mat á það hvort gera þyrfti breytingar á íslenski löggjöf til þess að stjórnvöld geti staðið við fyrirhugaðan samning. Mat hópsins var að lagabreytingar væru ekki nauðsynlegar. Skýrslu hópins má finna á [vef](#) efnahags- og fjármálaráðuneytisins.

Afraksturinn af þessar vinnu var að þann 26. maí 2015 undirrituðu Ísland og Bandaríkin samning um regluleg upplýsingaskipti vegna fjármálastofnana í samræmi við svonefnd FATCA. Í framhaldinu fór fram mikil vinna hjá SFF og í fjármálafyrirtækjum við innleiðingu nýrra verkferla til að uppfylla skyldur Íslands vegna FATCA. SFF gáfu m.a. út bækling til að kynna málið fyrir viðskiptavinum fjármálafyrirtækja sem má nálgast á [heimasíðu](#) samtakanna.

Common Reporting Standard (CRS)

Í framhaldi af innleiðingu FATCA óskaði fjármálaráðuneytið eftir því við SFF að fulltrúar úr vinnuhópnum vegna FATCA myndu einnig vinna með ráðuneytinu að innleiðingu Common Reporting Standard (CRS) sem er staðall frá OECD sem felur í sér viðtæk skipti á upplýsingum milli aðildarríkja sem tengjast skattaupplýsingum reikninga, m.a. um stöðu þeirra og raunverulega eigendur. Markmiðið með staðlinum er að stöðva glæpastarfsemi sem tengist skattundanskotum og takast á við skattsvik. Hópurinn hefur nú lokið störfum og hafa íslensk fjármálafyrirtæki innleitt nýja verkferla til að skil upplýsingum til skattýfirvalda sem síðan koma upplýsingunum til viðeigandi stjórnvalda.

Ísland var meðal 52 ríkja sem undirrituðu samkomulag þann 29. október 2014 í Berlín um að taka upp þennan sameiginlega staðal. Auk þess að skiptast á upplýsingum í samræmi við staðalinn skuldbinda ríki sem staðfesta hann sig til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana svo þau geti staðið skil á upplýsingunum. Þess má geta að eyjar sem kallaðar hafa verið skattaskjól svo sem Bresku Jómfrúareyjar eru meðal þessara [ríkia](#) eins og sjá má á vef OECD. Upplýsingaskiptin munu hefjast 2018 en Ísland er í hópi ríkja sem kallast „Early adopters group“, en í því felst ásetningur um að hefja upplýsingaskiptin ári fyrir, þ.e. á árinu 2017. Alls hafa 96 ríki gengist undir að hefja

Nýjar reglur um milliverðlagningu

Nýjar reglur um milliverðlagningu, tóku gildi árið 2014, en þær eru hugsaðar til að vinna gegn skattasniðgöngu, hvort heldur er um að ræða innlend félög eða erlend, þ.m.t. félög á lágskattasvæðum. Reglurnar eru hugsaðar til þess að koma í vegn fyrir óeðlilega verðlagningu eða skilmála milli tengdra fyrirtækja, s.s. móður- og dótturfyrirtækja. SFF studdu lögfestingu þessara reglna sem mæla fyrir um skjölunarskyldu fjármálafyrirtækja og annara fyrirtækja vegna viðskipta við tengda lögaðila. Í skjölunarskyldunni felst að lögaðila ber að skrá upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.